

Benchmark Genetics Iceland hf.
Bæjarhrauni 14
220 Hafnarfjörður

13. ágúst 2025
UOS2501700/F.Æ.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 16. júní 2025 – ID 432

Þann 16. júní sl. fór fram reglubundið eftirlit í Benchmark Genetics Iceland hf. - Kirkjuvogi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ekkert eldra frávik var opið þegar eftirlitið fór fram:

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu:

1. Tryggja þarf að réttar upplýsingar komi fram í þeim gögnum sem eru send eftirlitsaðila
2. Laga þarf frágang við niðurfall í rými þar sem varaaflstöð rekstraraðila er

Tvö frávik komu fram í eftirlitinu:

1. Fosfórlosun árið 2023 var umfram heimiluð mörk skv. starfsleyfi
2. Fosfórlosun árið 2024 var umfram heimiluð mörk skv. starfsleyfi

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 4. september 2025.

Virðingarfyllst,

Freyr Ævarsson

Sérfræðingur, teymi eftirlits

Stella Hrönn Jóhannsdóttir

Sérfræðingur, teymi eftirlits